

## REGLUR

### um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2020 til 29. september 2020.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

#### 2. gr.

##### *Upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla.*

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingaskuld vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1145 frá 31. júlí 2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2020 til 29. september 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga.

Með vísan til heimildar 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016 vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union), OJ, deild L, nr. 250, þann 3. ágúst 2020, bls. 1-120: [https://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/1145/oj](https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1145/oj).

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 78. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 17. september 2020.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir,**  
framkvstjóri skrifstofu bankastjóra.